



2019-2024

AFREKSSTEFNA BTÍ
Stefnumótun til framtíðar og aðgerðaráætlun
Stjórn BTÍ
2019-2024

I. INNGANGUR – HUGMYNDAFRÆÐI	3
II. BORDTENNIS Á ÍSLANDI OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi	3
FORSAGA	3
BORDTENNIS Á ÍSLANDI Í DAG.....	4
IÐKENDUR	4
AÐBÚNAÐUR Á ÍSLANDI	4
III. VERKFÆRAKISTAN - FRAMTÍÐARSÝN AFREKSMÁLA HJÁ BTÍ	4
IV. SKILGREININGAR	6
SKILGREININGAR ALÞJÓÐLEGRA MÓTA	6
AFREKSFÓLK:	6
AFREKSEFNI:	6
<i>Afreksefni í unglingsflokkum:</i>	6
<i>Afrekshópar fullorðinslandsliða:</i>	6
<i>Afrekshópar unglingslandsliða:</i>	6
HÆFILEIKAMÓTUN U11, U13 OG U15:.....	6
V. MARKMIÐ	6
ALMENN MARKMIÐ.....	6
PRÓUNARMARKMIÐ.....	7
AFREKSMARKMIÐ	7
<i>fyrir árið 2022</i>	7
<i>Fyrir árið 2024</i>	8
VI. FRAMKVÆMDARAÐILAR OG HLOTVERK	8
STJÓRN BTÍ.....	8
FORMAÐUR LANDSLIÐSNEFNDAR	8
LANDSLIÐSPJÁLFAVARAR	8
AÐILDARFÉLÖG	8
FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN	8
FAGTEYMI	8
ATVINNULÍFIÐ – STYRKARAÐILAR	9
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS (ÍSí).....	9
VII. AÐGERÐARÁÆTLUN	9
2019 OG 2020:	9
2021-2022:	9

I. Inngangur – Hugmyndafræði

Meginhlutverk BTÍ er að stuðla að framgangi borðtennisíþróttarinnar og útbreiðslu hennar. Stór þáttur í því starfi er að hlúa sérstaklega að afreksfólki og afrekstefnu. Það verður best gert með því að vera með öflugt afreksstarf frá 12 ára aldri leikmanna í borðtennis.

Tilgangur afrekstefnunnar er að BTÍ setji sér skýr markmið í afreksmálum og er markmiðið að bæta árangur Íslendinga á alþjóðlegum mótum og þá samhliða að útbreiðsla íþróttarinnar verði meiri hér á landi.

Afrekstefna þessi rammur inn skipulag og markmið fyrir afreksstarf í borðtennis á Íslandi fyrir tímabilið 2019-2024. Forsendur séu mælanleg markmið og gagnsæ vinnubrögð.

Markmið afrekstefnunnar nú er m.a. að fullorðinslandslið Íslands verði meðal 35 bestu þjóða Evrópu fyrir árið 2024 og unglíngalandslið í Cadet og Junior meðal 30 bestu þjóðanna í Evrópu. Markmið hennar er þó ekki síður að kortleggja vörður að settu marki með þau verkfæri og það fjármagn sem sambandið hefur úr að spila. Einnig þarf að tryggja að afreksefni og afreksfólk eigi möguleika á því að ná settum markmiðum með því að þau fái leiðarvísi að settu marki og að þjálfarar hreyfingarinnar hafi næga þekkingu og færni til að byggja upp afreksfólk.

Afrekstefnan skal vera aðgengileg á vef BTÍ og til umfjöllunar og samþykktar á Borðtennisþingi. Stefnan gildir til ársins 2024 með aðgerðaráætlun til ársins 2022. Afrekstefnu og aðgerðaráætlun skal endurskoða í byrjun árs 2022 og gefnar út að nýju að hausti sama ár.

II. Borðtennis á Íslandi og á alþjóðavettvangi

Forsaga

Uppruna borðtennis má rekja til Englands um 1880. Enska borðtennissambandið var stofnað árið 1921 og Alþjóðlega borðtennissambandið 1926. Evrópska borðtennissambandið var stofnað árið 1957. Fyrsta heimsmeistaramótið var haldið í London árið 1926 og hefur borðtennis verið Ólympíugrein frá Ólympíuleikunum í Seoul árið 1988. Fjöldi iðkenda á heimsvísu er talinn vera í kringum 300 milljónir. Samkeppnin er mjög hörð og erfitt að komast í fremstu röð, hvort heldur í Evrópu eða á heimsvísu.

Á síðari hluta sjöunda áratugs síðustu aldar var borðtennis spilaður á vinnustöðum nokkurra fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Má þar nefna Landsbankann, Bræðurna Ormsson, O Johnson og Kaaber og Heimilistæki. Áhugamenn úr þessum fyrirtækjum hófu reglubundnar æfingar í sal Júðofélags Reykjavíkur á Kirkjusandi. Fyrsta félagið sem hafði reglubundnar æfingar í borðtennis var Örninn sem hafði aðstöðu á Kirkjusandi. KR, Víkingur og Ármann fylgdu fljótlega í kjölfarið með reglubundnar æfingar. Á þessum tíma var borðtennis einnig leikinn á Skaganum og í Keflavík. Fyrsta borðtennismótið var haldið árið 1969 í Laugardalshöllinni og þreifingar hófust um stofnun Borðtennissambands Íslands árið 1970. Fyrsta Íslandsmótið var haldið 1971 og fyrsta alþjóðlega mótið sem Ísland tók þátt í var Norðurlandamótið í Noregi árið 1971. Þann 12. nóvember 1972 var sambandið svo formlega stofnað. Frá þeim tíma hafa íslensk landslið spilað á Norðurlandamótum, Norður Evrópumótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum. Fyrsta heimsmeistaramótið sem Ísland tók þátt í var í Birmingham á Englandi árið 1977.

Á alþjóðavettvangi hafa íslenskir leikmenn náð árangri. Bestum árangri Guðmundur Stephensen sem náði inn í 64 manna úrslit í einstaklingskeppni á heimsmeistarmótinu í París Frakklandi árið 2003 og einnig á heimsmeistaramótinu í Yokohama Japan árið 2009. Bestum árangri í liðakeppni náði íslenska karlalandsliðið á heimsmeistaramótinu í Kuala Lumpur árið 2000 þegar það endaði í 58. sæti.

Borðtennis á Íslandi í dag

Á Íslandi í dag er spilaður borðtennis víðsvegar um landið en kjarni hreyfingarinnar er á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru fjögur virk félög, nánar tiltekið BH, HK, KR og Víkingur. Í flokki fatlaðra er ÍFR einnig með starf. Önnur svæði þar sem myndast hefur borðtennishefð er á Akureyri, Eyjafjarðarsveit og Rangárvallarsýslum. Nokkur uppgangur hefur orðið í félögum á landsbyggðinni og má nefna þar sem dæmi Æskuna, Umf. Samherja, Akur, Dímon Garp og Heklu.

Iðkendur

Ljóst er að aðgerða er þörf varðandi iðkendafjölda. Orka og kraftar Borðtennissambandsins ættu á þessum tímapunkti að beinast að útbreiðslu og uppbyggingarstarfi, styrkja innviði og stærð þeirra félaga sem eru starfandi og einnig að byggja upp ný félög í samvinnu við íþróttafélög og héraðssambönd. Einnig að tryggja að þjálfarar aðildarfélaga hafi hæfni og þekkingu til að móta afreksefni og að þjálfarar landsliða hafi nauðsynlega menntun og hæfni til að koma leikmönnum enn lengra. Síðastliðin misseri hefur mikil áhersla verið lögð á að styrkja regluverk sambandsins, hafa reglurnar skýrar. Jafn mikil áhersla hefur verið lögð á að efla þjálfaramenntun með því að senda þjálfara á alþjóðleg námskeið (ITTF 2) og halda alþjóðleg námskeið innanlands (ITTF 1) fyrir þjálfara aðildarfélaganna. Að lokum hefur erlendur þjálfari með mikla reynslu verið ráðinn fyrir fullorðinslandslið karla og kvenna.

Skráðir iðkendur síðastliðin 3 ár hafa skv starfsskýrslum ÍSÍ verið í kringum 750. Brottfall á hverju ári er talsvert. Sterkustu leikmennirnir dreifast milli félaga og er skortur á fjölda sterkra leikmanna sem æfa saman hjá einstökum félögum. Sambandið hefur brugðist við þessu með tíðari landsliðsæfingum en því fylgir aukinn kostnaður fyrir sambandið. Reynt hefur verið að koma á sameiginlegum æfingum sterkustu leikmanna aðildarfélaganna en engin festa hefur komist á þá framkvæmd.

Aðbúnaður á Íslandi

Á Íslandi er ekki til sérhæfð aðstaða líkt og þekkist á hinum Norðurlöndunum og í Evrópu. Með sérhæfðri aðstöðu er átt við æfingarsal með standandi borðum og dúkuðu sérhæfðu gólfi sem sambandið hefur yfirumsjón með og nýtir fyrir æfingar landsliðshópa. Aðbúnaður hjá aðildarfélögum er mismunandi. Einu aðildarfélögin sem í dag hafa aðstöðu þar sem hægt er að ganga að uppsettum borðum og sal hvenær sem er eru Víkingur í Reykjavík og BH í Hafnarfirði. Aðstaðan þar uppfyllir þó ekki skilyrði BTÍ um aðstöðu þar sem engir dúkar (Gerflor) eru þar á gólfum og lofthæð og lýsing ekki næg. Markmið BTÍ er að fyrir árið 2024 verði til aðstaða fyrir æfingar landsliða utan félaga í landinu eins og þekkist á öllum hinum Norðurlöndunum. Til þess að svo verði þarf að eiga sér samtal við sveitarfélög, ríki og einkaaðila um að koma slíkri aðstöðu á.

III. Verkfærakistan - Framtíðarsýn afreksmála hjá BTÍ

Afreksstefnan var unnin af stjórn BTÍ 2018-2020. Var hún unnin í samvinnu við þjálfara landsliða og send til umsagnar hjá formönnum aðildarfélaga BTÍ. Jafnframt var leitað í smíðju fyrirverandi landsliðsmanna og kvenna. Einnig var leitað umsagnar ÍSÍ. Verður hún lögð fram til kynningar á formannafundi í maí 2019 og til samþykktar á ársþingi BTÍ 2020.

Verkefni BTÍ eru þau helstu í tengslum við afreksstarfið að:

- *Breiða út íþróttina.*
- *Fjölga iðkendum.*
- *Tefla fram sterkum leikmönnum og landsliðum í alþjóðlegri keppni.*
- *Vera styrkur bakhjarl aðildarfélaganna.*
- *Móta skýra afreksstefnu til framtíðar og raunhæfa aðgerðaráætlun.*

Framtíðarsýnin er sú að:

- *Með markvissri afreksstefnu, hæfileikamótun og eftirfylgni aukist iðkendafföldi og áhugi landsmanna á íþróttinni. Það styðji við útbreiðslustarfið og auðveldi fjármögnun sem er grundvöllurinn fyrir öflugum afreksstarfi.*
- *Að fjárhagsstaða BTÍ styrkist sem leiði til þess að betur verði hægt að styðja við bakið á afreksfólki, þjálfara og aðildarfélög.*
- *Að mjög hæfir þjálfarar séu til staðar hjá landsliðum BTÍ og hæfir þjálfarar hjá stærstu aðildarfélögum BTÍ og að samvinna sé á milli þeirra.*

Þegar skoðaðar eru þær stoðir/verkfæri sem borðtennissambandið hefur nú þegar og byggt upp síðastliðin misseri þá eru eftirfarandi þær helstu, sem þarf að efla og þróa enn frekar.

1. *Unglingalandslið - kjölfestuþjálfari og samningur við leikmenn.*
2. *Landslið - kjölfestuþjálfari og samningur við leikmenn.*
3. *Reglulegar æfingar U12 ára.*
4. *Afreksbraut Borgarholtsskóla.*
5. *Samstarf við þróunarsvið ETTU.*
6. *Samstarf við þróunarsvið ITTF.*
7. *Fjölgun dómara.*
8. *Fjölgun menntaðra þjálfara.*
9. *Auka menntun þeirra þjálfara sem starfa hjá aðildarfélögum.*
10. *Markviss útbreiðsla - fjölga félögum.*
11. *Auka sýnileika hreyfingarinnar – Facebook, Twitter, Instagram, heimasíða, kynningarmyndbönd.*
12. *Skýr samskipti við fjölmiðla varðandi fréttir.*
13. *Æfingabúðir innanlands - bjóða heim þjálfurum og leikmönnum.*
14. *Æfingabúðir erlendis - velja réttar búðir fyrir getustigi leikmanna.*
15. *Fara á rétt mót erlendis - kortleggja mót sem henta getustigi leikmanna.*
16. *Að mótaskrá endurspegli stefnu BTÍ og hvert við stefnum - fleiri aldursflokkamót og byrjendamót.*
17. *Bætt umgjörð móta.*
18. *Alþjóðlegt mót á Íslandi einu sinni á ári.*

Þegar skoðaðar eru raunhæfar leiðir til að auka getu leikmanna vakna ýmsar spurningar. Það nægir ekki sambandinu að hafa fallega stefnu. Ef afreksefni og afreksfólk okkar eru tilbúin að leggja mikið á sig til að ná betri árangri þá er þeim nauðsynlegt að sambandið geti beint þeim í réttan farveg og veitt þeim fjárhagslegan stuðning til að standa straum af þeim mikla kostnaði sem því fylgir. Einnig að mannaflí og þekking séu til staðar innan sambandsins til þess að svo geti orðið.

IV. Skilgreiningar

Skilgreiningar alþjóðlegra móta

A mót: Heimsmeistaramót fullorðinna í einstaklingkeppni og liðakeppni. Evrópumót fullorðinna í einstaklingskeppni og liðakeppni. Ólympíumót. Europe Top 16. Heimsbikarmót.

B mót: Norður Evrópumót fullorðinna. Evrópumót unglunga. Norður Evrópumót unglunga. Smáþjóðaleikarnir. ITTF mót. ETTU Cup félagsliða.

C mót: Arctic mótið. Reykjavík International. Alþjóðlegt mót BTÍ á Íslandi. Riga City Council Cup.

Afreksfólk:

Einstaklingar sem keppa í flokki fullorðinna fyrir Íslands hönd. Þessir leikmenn þurfa að uppfylla kröfur landsliðsþjálfara um ástundun. Mikilvægt er að afreksfólk hreyfingarinnar sé meðvitað um markmið sambandsins. Felst í þessu að þau stundi heilbriggt lífni, neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna, fylgi fyrirmælum þjálfara og tali vel um félag sitt, sambandið, íþróttina og hreyfinguna.

Afreksefni:

Einstaklingar sem keppa fyrir Íslands hönd í flokki unglunga á stórmóti eða flokki fullorðinna á alþjóðlegum mótum. Mikilvægt er að afreksefni hreyfingarinnar séu meðvituð um markmið sambandsins. Felst í þessu að afreksefni stundi heilbriggt lífni, neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna, fylgi fyrirmælum þjálfara og tali vel um félag sitt, sambandið, íþróttina og hreyfinguna.

Afreksefni í unglingaflokkum:

Leikmenn 12-18 ára.

Afrekshópar fullorðinslandsliða:

6 manna hópar, 6 konur og 6 karlar.

Afrekshópar unglingalandsliða:

4 manna hópar drengja og stúlkna í mini cadet (U12), cadet (13-15 ára) og junior (16-18 ára)

Hæfileikamótun U11, U13 og U15:

Þeir leikmenn sem án tillits til aldurs uppfylla fyrirfram gefin skilyrði skilgreind af unglingalandsliðsþjálfara BTÍ. Félög og félagsþjálfarar velja þá þátttakendur sem taka þátt í hæfileikamótun BTÍ og geta hópar verið mismunandi yfir árið. Reglulegar æfingar skulu vera fyrir þessa hópa yfir tímabilið september – maí ár hvert.

V. Markmið

Almenn markmið

- Að skapa það umhverfi og samfélag í hreyfingunni sem einkennist af samvinnu, metnaði, gleði og heiðarleika sem geri það að verkum að iðkendur haldist í íþróttinni og hafi vilja til að auka framgang hennar.
- Að halda úti virkri afreksstefnu og aðgerðaráætlun.
- Að aðstoða aðildarsambönd við að fjölga iðkendum.

- Að þjálfun afreksefna sé aðeins í höndum hæfra þjálfara.
- Að halda námskeið árlega fyrir afreksefni og afreksfólk um m.a. næringu, heilbrigðan lífstíl, andlegan undirbúning, markmiðssetningu og álagsmeiðsli.
- Fjölga aðildarfélögum.
- Að beina afreksefnum á æfingabúðir erlendis (t.d. Neven Cegnar Ungverjaland).
- Fjölga enn frekar alþjóðadómurum.

Þróunarmarkmið

- Þróa þjálfunarmynstur fyrir iðkendur – Að þeir geti nógu snemma tileinkað sér tækni, leikskilning og líkamsburði – þetta þarf að gera í samvinnu við þjálfara landsliða og aðildarsambanda BTÍ.
- Fræðsla og miðlun fagupplýsinga til afreksefna og afreksfólks með fyrirlestrum og öðrum hætti.
- Umsókn um styrk úr Ólympíusjóði Olympic Solidarity. Plan Development of National Sports System.
- Mótaskrá sem endurspeglar afreksstefnu BTÍ.
- Aðgengilegt efni á heimasíðu BTÍ fyrir þjálfara á Íslandi.
- Aðgengilegt efni á heimasíðu BTÍ um það hvernig hægt sé að stofna borðtennisfélag.
- Hreyfingin sýnileg á samfélagsmiðlum.
- Auka enn frekar menntun og hæfni innlendra þjálfara og þeir ráði saman ráðum sínum. Senda þjálfara á alþjóðleg námskeið.
- Vel hæfur þjálfari fullorðinslandsliða.
- Tveir yngri leikmenn verði sendir árlega á Hopes of Europe.
- Að 6 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir Ferenc Karsai í Ungverjalandi í ágúst ár hvert.
- Að 6 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir B75 í Danmörku í júlí ár hvert.
- Að stór hópur leikmanna U15 fari árlega á alþjóðleg mót, t.d. Riga City Council Cup í Lettlandi eða Oostende Open í Belgíu ár hvert.
- Stöðug útbreiðsla, koma á grunnskólamóti á höfuðborgarsvæðinu einu sinni á ári.
- Alþjóðlegt mót BTÍ einu sinni á ári.
- Alþjóðlegar æfingabúðir barna og unglunga á Íslandi einu sinni á ári.
- Styrkja enn frekar samband við erlend félagslið (t.d. B75 í Danmörku, B72 í Osló og Eslöv í Svíþjóð).
- Þrír styrktaraaðilar landsliða fyrir árið 2022 og fimm fyrir árið 2024.
- Sérniðin æfingaraðstaða fyrir landsliðshópa BTÍ fyrir árið 2024.

Afreksmarkmið

fyrir árið 2022

Unglingar

Evrópumót unglunga liðakeppni. Að ná í topp 35 í liðakeppni í einum flokki, cadet eða junior. Að einn leikmaður nái inn í 64 manna úrslit keppinnar.

Fullorðnir

HM fullorðinna. Þátttaka 3 karla og 3 kvenna.

Norður Evrópumót fullorðinna. Ná 6. sæti í liðakeppni og einum leikmanni í 8 manna úrslit.

Þrír leikmenn í krefjandi þjálfun hjá erlendu félagsliði.

Fyrir árið 2024

Unglingar

Evrópumót unglunga liðakeppni. Að ná í topp 30 í einum flokki, cadet eða junior.

Fullorðnir

Evrópumót fullorðinna. Þátttaka karlalandsliðs í undankeppni heima og að heiman.

Norður Evrópumót fullorðinna. Ná 5 sæti í liðakeppni og einum leikmanni í undanúrslit.

Sigur í liðakeppni og einstaklingskeppni á Arctic Open.

8 manna úrslit þátttakanda/þátttakenda í einstaklingskeppni Smáþjóðaleikanna.

6 leikmenn í krefjandi þjálfun hjá erlendu félagsliði.

VI. Framkvæmdaraðilar og hlutverk

Stjórn BTÍ

Ábyrgð á framkvæmd stefnunnar ber stjórn BTÍ í samstarfi við aðildarfélög sín en innan vébanda félaganna fer aðallega fram hæfileikamótun leikmanna og þroski. Sterk tenging verði milli þjálfara aðildarfélaganna og þjálfara landsliða og samtal um það hvernig auka megi færni leikmanna.

Formaður landsliðsnefndar

Formaður landsliðsnefndar BTÍ er tengiliður stjórnar og annarra sem að stefnunni koma og vinna að framkvæmd hennar. Framkvæmd afreksstefnunnar er í hans höndum í samvinnu við formann BTÍ og landsliðsþjálfara.

Landsliðsþjálfarar

Landsliðsþjálfarar heyra undir formann landsliðsnefndar. Ákvarðanir þeirra skulu teknar í samráði við formann landsliðsnefndar og hafa þeir ekki heimild til að skuldbinda sambandið fjárhagslega.

Þjálfarar aðildarfélaganna skulu eiga samstarf við landsliðsþjálfara.

Aðildarfélög

Aðildarfélögin skulu leitast við að auka menntun þjálfara innan sinna vébanda. Þau starfa innan afreksstefnunnar í samstarfi við borðtennishreyfinguna og mikilvægt að afreksstefna sambandsins sé kynnt meðal þeirra.

Foreldrar og forráðamenn

Mikilvægur þáttur í árangri leikmanna eru foreldrar þeirra. Góð samvinna þeirra við þjálfara og aðildarfélög er mjög mikilvæg og fræðsla til þeirra um íþróttina og hvaða kosti börn þeirra hafa til að æfa utan landsteinanna t.d. í æfingabúðum. Afreksstefnan skal kynnt foreldrum afreksefna og afreksfólks en með því geta þeir stutt við hana.

Fagteymi

Fagteymi BTÍ er nú skipað lækni, sjúkraþjálfara og næringarfræðingi. Nánar tiltekið 2018-2019 þeim Ingólfi Sveini Ingólfssyni, Þórhöllu Andrésdóttur og Vilborgu Kolbrúnu Vilmundardóttur. Hlutverk þeirra er að miðla af þekkingu sinni til afreksefna, afreksfólks og þjálfara. Einnig að vera til staðar þegar á þarf að halda að mati BTÍ. Í verkefnum á vegum ÍSÍ heyra landslið undir fagteymi ÍSÍ.

Atvinnulífið – styrktaraðilar

Öflugir bakhjarlar eru mikilvægir hverju sérsambandi og á það ekki síst við um afreksstarfið. Samstarf við atvinnulífið er afar mikilvægt og er lykill að því að markmið afreksstefnunnar nái fram að ganga.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí)

ÍSí er einn mikilvægasti aðilinn við framkvæmd og útfærslu afreksstefnunnar. Það veitir fjármagn, kemur að menntunarmálum, gefur upplýsingar og er til leiðbeiningar varðandi einstaka þætti. Náð og gott samstarf við ÍSí er því mjög mikilvægt fyrir sambandið.

VII. Aðgerðaráætlun

Aðgerðaráætlunin tengist náð þróunarmarkmiðum afreksstefnunnar til að ná settu marki. Aðgerðaráætlun næstu tvö árin er eftirfarandi:

2019 og 2020:

- Hefja samtal við ríki, Reykjavíkurborg og einkaaðila um sérhæfða æfingaraðstöðu fyrir landsliðshópa BTÍ.
- Þróa þjálfunarmynstur fyrir iðkendur – Að þeir geti nógu snemma tileinkað sér tækni, leikskilning og líkamsburði – þetta þarf að gera í samvinnu við þjálfara landsliða og aðildarsambanda BTÍ.
- Fræðsla og miðlun fagupplýsinga til afreksefna og afreksfólks með fyrirlestrum og öðrum hætti.
- Mótaskrá sem endurspeglar afreksstefnu BTÍ.
- Aðgengilegt efni á heimasíðu BTÍ fyrir þjálfara á Íslandi.
- Aðgengilegt efni á heimasíðu BTÍ um það hvernig hægt sé að stofna borðtennisfélag. Samtal við íþróttasambönd og ungmennafélög um stofnun nýrra félaga.
- Hreyfingin sýnileg á samfélagsmiðlunum Instagram og Youtube.
- Umsókn um styrk úr Ólympíusjóði Olympic Solidarity. Plan Development of National Sports System.
- Senda ITTF þjálfara innan hreyfingarinnar á alþjóðleg námskeið.
- Vel hæfur þjálfari fullorðinslandsliða.
- Tveir yngri leikmenn verði sendir á Hopes of Europe.
- Að 6 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir Ferenc Karsai í Ungverjalandi í ágúst ár hvert.
- Að 6 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir B75 í Danmörku í júlí 2019 og 2020.
- Að 12 manna hópur leikmanna U15 fari árlega á alþjóðleg mót, t.d. Riga City Council Cup í Lettlandi eða Östend Open í Belgíu ár hvert.
- Stöðug útbreiðsla, koma á grunnskólamóti á höfuðborgarsvæðinu einu sinni á ári.
- Vinna hefst við Alþjóðlegt mót BTÍ einu sinni á ári.
- Vinna hefst við að haldnar verði alþjóðlegar æfingabúðir barna og unglunga á Íslandi einu sinni á ári í samstarfi við NETU.
- Styrkja enn frekar samband við erlend félagslið (t.d. B75 í Danmörku og Eslöv í Svíþjóð) og stofna tengsl við fleiri félagslið.
- Þrír leikmenn í krefjandi æfingum félagsliða í Evrópu.
- Þrír styrktaraðilar landsliða fyrir lok árs 2020.

2021-2022:

- Sérsniðin æfingaraðstaða fyrir landsliðshópa BTÍ komin vel á veg.

- Skýrt þjálfaramynstur fyrir iðkendur aðgengilegt á heimasíðu BTÍ.
- Aðgengilegar upplýsingar fyrir afreksefni og afreksfólk um alþjóðleg mót og æfingabúðir sem þau geta sótt á eigin vegum á vef BTÍ.
- Mikið efni aðgengilegt fyrir þjálfara á heimasíðu BTÍ.
- 2022 – Íslensk fullorðinslandslíð karla og kvenna tekur þátt í Evrópukeppni landsliða heima og að heiman.
- Fjórir leikmenn sendir á Hopes of Europe.
- Þróun á grunnskólamóti komin vel á veg. Festa í sessi.
- Umsókn um styrk úr Ólympíusjóði Olympic Solidarity. Plan Development of National Sports System komin til framkvæmda. Styrkur nýttur til að hafa erlendan landsliðsþjálfara í fullu starfi sem jafnframt leiðbeinir þjálfurum aðildarfélaga.
- Virk aðildarfélög BTÍ orðin 10.
- Að 8 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir Ferenc Karsai í Ungverjalandi í ágúst ár hvert.
- Að 8 yngri leikmenn nýti sér æfingabúðir B75 í Danmörku í júlí 2021 og 2022.
- Að 16 manna hópur leikmanna U15 fari árlega á alþjóðleg mót, t.d. Riga City Council Cup í Lettlandi eða Östend Open í Belgíu ár hvert.
- Alþjóðlegt mót á Íslandi á vegum BTÍ 2021 og 2022
- Tengsl séu við a.m.k. 5 erlend sterk félagslíð í Evrópu.
- Fimm leikmenn í krefjandi æfingum félagslíða í Evrópu.
- Fimm styrktaraðilar landsliða fyrir lok árs 2022.